

AUGLÝSING

um vörugjald af nokkrum vörum vegna breytinga á viðauka I við tollalög

Með vísan til 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum, og auglýsingar nr. 96/1988, um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, tilkynnist hér með að auk vara sem greinir í lögum nr. 95/1988, um breyting á lögum um vörugjald, skal greiða vörugjald samkvæmt A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, með síðari breytingum, af vörum sem flokkast í eftirgreind tollskránum:

| | | | |
|-----------|-----------|-----------|-----------|
| 1806.9003 | 7019.9003 | 8521.9021 | 8527.3102 |
| 2106.9041 | 7322.1902 | 8521.9029 | 8527.3109 |
| 3003.9001 | 8004.0000 | 8527.1101 | 8528.1002 |
| 3921.1902 | 8519.9902 | 8527.1102 | 8537.1009 |
| 3925.9009 | 8521.1021 | 8527.1109 | 9007.1100 |
| 4823.9005 | 8521.1029 | 8527.3101 | |

Þá skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum B-liðar 3. gr. laga nr. 97/1987 af tollskránum 1806.9003. og 2106.9041.

Eftirtalin tollskránum hafa verið felld brott úr tollskrá:

| | | | |
|-----------|-----------|-----------|-----------|
| 3925.9000 | 8521.1009 | 8527.2100 | 8537.1000 |
| 8004.0001 | 8521.9009 | 8527.3100 | 9007.1000 |
| 8004.0009 | 8527.1100 | | |

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1989.

1. gr.

Á árinu 1989 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1988 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1988. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.